

Ávarp formanns LÍ Reynis Arngrímssonar í hátíðarkvöldverði á aðalfundi LÍ 8. nóvember 2018

Ágætu aðalfundarfulltrúar og aðrir gestir.

Það hefur vonandi ekki farið framhjá neinum sem hér eru að á þessu ári fagnar Læknafélag Íslands aldarafmæli sínu. Á aldarafmælishátíðinni í Hörpu í janúar sl. voru 15 félagsmenn gerðir að heiðursfélögum í LÍ fyrir mikilvæg störf þeirra í þágu félagsins.

Á aðalfundi á aldarafmælisári hefur stjórn félagsins ákveðið að veita fjórum kvenlæknum heiðursviðurkenningar. Þær eiga það allar sammerkt að vera frumkvöðlar og mikilvægar fyrirmyndir í læknastétt, hver með sínum hætti. Þetta eru Bergþóra Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Helga Ögmundsdóttir og Þórey J. Sigurjónsdóttir.

Bergþóra og Þórey eru í hópi 25 fyrstu kvennanna sem útskrifuðust úr læknadeild Háskóla Íslands. Guðrún Agnarsdóttir hefur ekki einungis helgað læknisfræðinni starfskrafta sína heldur lét hún um árabíl til sín taka svo eftir var tekið á hinum pólitíska vettvangi. Helga Ögmundsdóttir er frumkvöðull í uppbyggingu rannsóknanáms í læknisfræði og lífvísindum. Hún hefur haft kennslu vísindarannsóknir að ævistarfi og birt yfir 100 ritrýndar greinar í öllum helstu og fremstu vísindaritum heims.

* * *

Háskóli Íslands var stofnaður 1911. Engin kona útskrifaðist þó úr læknadeild fyrr en 1917. Kvenlæknum fjölgaði hægt á næstu áratugum. Á þriðja áratug (1920-1929) útskrifaðist ein kona, á fjórða áratugnum (1930-1939) þrjár. Á fimmta áratugnum (1940-1949) rúmlega tvöfaldaðist í hópi kvenlækna því samtals 7 konur útskrifuðust á þessu tímabili, þar af tvær 1948 og þrjár 1949. Á sjötta áratugnum (1950-1959) bættust níu kvenlæknar í hópinn, þar af útskrifuðust tvær 1958. Það er ekki fyrr en árið 1964 sem fjöldi útskrifaðra kvenkandidata náði tölunni 25, 47 árum eftir að Kristín Ólafsdóttir útskrifast fyrst íslenskra kvenna.

Í tilefni aldarafmælis LÍ á þessu ári hefur stjórn LÍ horft til þessara 25 fyrstu kvenlækna. Fimm þeirra eru enn á lífi eftir því sem næst verður komist: Anna Katrín Emilsdóttir f. 1937, útskrifuð 1964 (24. konan), Bergþóra Sigurðardóttir f. 1931, útskrifuð 1958 (19. konan), Guðrún Jónsdóttir f. 1926, útskrifuð 1955 (16. konan), Kristín Gísladóttir f. 1936, útskrifuð 1963 (23. konan) og Þórey J. Sigurjónsdóttir f. 1930, útskrifuð 1959 (21. konan). Anna Katrín og Kristín hafa verið erlendis alla sína starfsævi og á ævikvöldi. Guðrún sem er elst lifandi kvenlækna glímur við óminni.

Bergþóra er hér í kvöld. Þórey treysti sér ekki til að koma en bað fyrir góðar kveðjur hingað. Stjórn LÍ hefur ákveðið í tilefni aldarafmælis félagsins að heiðra þær tvær sem fulltrúa þeirra frumkvöðla sem brutu ísinn fyrir komandi kynslóðir kvenna. Þær konur sem fyrstar fóru í læknisfræði, útskrifuðust og störfuðu sem læknar áttu þátt í því að breyta staðalímyndinni um að læknir væri karlmaður. Þessar konur voru öðrum konum sem á eftir komu mikilvægar fyrirmyndir og ruddu fyrir þær brautina. Þökk sé þeim og öðrum konum sem á eftir komu er staðan sú núna, einni öld og ári betur eftir að fyrsta konan útskrifaðist úr læknadeild að konur eru um 40% íslenskra lækna.

Bergþóra Sigurðardóttir f. 1931

Nám: Eftir stúdentspróf frá MR 1951 tók Bergþóra kennarapróf frá KÍ 1952. Síðan fór hún í lækisfræði og varð cand. med. 1958. Hún fékk almennt lækningaleyfi 1961 og sérfræðingsleyfi í lyflækningum og smitsjúkdómum sem undirgrein 1970.

Framhaldsnám sitt stundaði Bergþóra í Kaupmannahöfn Danmörku, Toronto Kanada, New Orleans og Boston í Bandaríkjunum.

Störf á Íslandi: eftir sérfræðinám, heimilislæknir í Hafnarfirði, Sérfr. á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði og Grensásdeild Borgarspítalans, Heilsugæslugæslulæknir og yfirlæknir á Ísafirði og héraðslæknir Vestfjarða, sérfræðingur á veirufræðideild Landspítalans, sérfræðingur við úrvinnslu gagna um leghálskrabbamein hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Læknir á Hrafnistu. Bergþóra var stundakennari í lyflækis- og lyfjafræði við hjúkrunardeild HÍ.

Félagsstörf: Bergþóra sat í stjórn Læknafélags Reykjavíkur 1969-70. Gjaldkeri félags íslenskra lyflækna 1969. Í læknanefnd Öldrunarfélags Íslands frá stofnun til 1982. Fyrsti formaður nefndar til úrskurðar um ágreiningsmál vegna fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða 1975-79. Í nefnd LÍ um starfslok 1991 og síðan í öldungaráði LÍ.

LÍ heiðrar í dag Bergþóru Sigurðardóttur framlag til jafnréttis í lækna-stétt.

Þórey Jóhanna Sigurjónsdóttir f. 1930

Þórey lauk stúdentsprófi frá MR 1950 utanskóla og hóf nám í heimspeki við HÍ. Stundaði síðan nám í sögu, þýsku og ensku við Oslóarháskóla. Útskrifaðist frá læknaeild HÍ 1959. Hún fékk almennt lækningaleyfi 1961 og sérfræðiviðurkenningu í barnalækningum 1967 og var fjórða konan til að fá leyfi í þeirri sérgrein.

Störf: Þórey var aðstoðarlæknir og við sérfræðinám á barnadeildum Landspítala, Borgarspítala og á Heilsuverndarstöðinni. Hún fór til námsdvalar í lyflækningum við University of Pennsylvania í Philadelphia, barnaeild á Mayo clinic í Rochester í Minnesota og í Danmörku.

Þórey starfaði sem barnalæknir í Reykjavík frá janúar 1968, aðallega á eigin starfsstofu en einnig á barnaeild Landspítalans og við ungbarnavernd á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Um skeið var hún skólalæknir í Reykjavík.

Félagsstörf: Ritari félags barnalækna 1970-73.

LÍ heiðrar í dag Þóreyju J. Sigurjónsdóttur fyrir framlag til jafnréttis í lækna-stétt.

* * *

Guðrúnu Agnarsdóttur þarf vart að kynna. Hún er læknir, hún var alþingismaður um sjö ára skeið, 13. konan til að hljóta kosningu sem alþingismaður vorið 1983 og fyrsta alþingiskonan til að vera formaður þingflokks. Guðrún er eini læknirinn sem hefur boðið sig fram til embættis forseta Íslands.

Guðrún Agnarsdóttir f. 1944

Nám. Guðrún lauk námi frá læknaeild 1968 og var eina konan í árgangnum. ~~Almennt lækningaleyfi og sérfræðiviðurkenningu í veirufræði~~ 1978. Guðrún lauk sérfræðiprófi í Bretlandi 1981 og varð samtímis félagi í konunglega meinafræðingafélaginu (Royal College of Pathologists).

Störf: Heim komin 1981 starfaði Guðrún sem sérfræðingur í veirufræði við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún var alþingismaður 1983-90 fyrir Samtök um kvennalista, landskjörin 1983 -1987 og kjördæmakjörin í Reykjavík 1987-1990 þegar hún sagði af sér þingmennsku. Guðrún var forstjóri Krabbameinsfélags Íslands um margra ára skeið, yfirlæknir neyðarmóttöku vegna nauðgana á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Guðrún hefur tekið virkan þátt í fjölmörgum stórum alþjóðlegum ráðstefnum um jafnréttismál og málefni kvenna, einnig friðar- og afvopnunarmál, málefni heimskautalanda, stjórnsmál, fjölmiðlun og siðfræði.

Félags- og trúnaðarstörf: Stofnfélagi, ritari og síðar formaður Félags íslenskra lækna í Bretlandi, Formaður þingflokks Samtaka um kvennalista. Átti sæti í mörgum af fastanefndum Alþingis. Hún átti sæti í Norðurlandaráði, og var fulltrúi á 41. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1986. Guðrún hefur auk þess gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir opinbera aðila.

Guðrún sat í stjórn LÍ 1991-92. Hún var meðstofnandi Félags íslenskra lækna gegn kjarnorkuvá og sat í stjórn þess, en félagið var aðili að alþjóðasamtökum lækna gegn kjarnorkuvá sem fengu friðarverðlaun Nobels.

Guðrún var formaður nefndar á vegum LÍ til að gera tillögur um hvernig beri að mæta vaxandi fjölgun kvenna í læknanámi og læknastrétt 1990-92. Árið 1990 voru 73 ár liðin frá því fyrsta konan Kristín Ólafsdóttir útskrifaðist sem læknir á Íslandi 1917, eins og áður er rakið.

LÍ heiðra í dag Guðrún Agnarsdóttur fyrir störf að samfélagsmálum.

* * *

Hlutverk læknisins í dag er ekki ekki einungis að lækna og lina þjáningar, heldur er hann einnig uppfræðari og kennari og tileinkar sér vísindalega nálgun og innleiðir í starf sitt. Rannsóknir og vísindi hafa orðið æ mikilvægari þáttur í störfum lækna, hvort sem er að skapa nýja þekkingu, þróa hana, bæta vinnubrögð eða tryggja gæði. Skipulögð kennsla í rannsókaráðferðum er eitt af þeim framfaraskerfum sem stigin hafa verið á undanförunum aldarfjórðungi og vaxið fiskur um hrygg. Af öðru ólöstuðum hefur mikil vinna og þrautsegja fjórðu konunnar sem stjórn LÍ heiðrar hér í dag skipt miklu máli um hversu vel hefur tekist til. Helga Ögmundsdóttir, hefur verið lykilmanneskja í uppbyggingu rannsóknarnáms og framhaldsnáms í læknis- og lífvísindum, bæði í grunnnámi og á meistara- og doktorsstigi við læknaeild.

Helga Margrét Ögmundsdóttir f. 1948

Nám: Helga lauk kandidatsprófi í læknisfræði við HÍ 1975 og PhD gráðu frá University of Edinburgh 1979. Almennt lækningaleyfi 1982 og sérfræðileyfi í ónæmisfræði sama ár.

Störf: Að loknu sérfræðinámi starfaði Helga á Rannsóknarstofu HÍ í veirufræði (1982-86), eða þar til hún tók við sem forstöðumaður rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði við stofnun hennar 1987. Helga hefur gegnt stöðu prófessors í frumulíffræði við læknaeild HÍ og var formaður kennslunefndar og framhaldsnámsnefndar læknaeildar um árabíl. Samhliða því hefur Helga verið virk í vísindarannsóknnum og hún ásamt samstarfólki birt yfir hundrað ritrýndar vísindagreinar í grunnfögum líf- og læknávisinda og hlotið til þess fjölmargar innlenda og erlenda vísindastyrki.

Félagsstörf: Helga var gjaldkeri Félags íslenskra lækna í Bretlandi. Hún hefur gegnt embætti ritara og formanns Ónæmisfræðifélags Íslands. Hún var gjaldkeri Vísindafélags Íslendinga. Hún var um tíma einn þriggja fulltrúa Íslands í Norræna vísindastefnuráðinu og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum tengt hennar starfi og rannsóknum. Helga hefur hlotið viðurkenningu úr Ásusjóði, kenndan við Ásu Guðmundsdóttur Wright sem er í umsjón Vísindafélags Íslendinga. Árlega veitir sjóðurinn viðurkenningu Íslendingi sem hefur unnið veigamikil vísindalegt starf á Íslandi eða fyrir Ísland.

LÍ heiðrar í dag Helgu Ögmundsdóttur fyrir hennar þátt í uppbyggingu rannsóknarnáms í læknis- og lífvísindum.